

ERINDISBRÉF

FYRIR

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDANEFND RANGÁRÞINGS YTRA

I. Kafli

Umboð og hlutverk

1. gr.

Ípróttá- og tómslundanefnd Rangárþings ytra er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings ytra og fer hún í umboði sveitarstjórnar með þau ípróttá- og tómslundamál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Ípróttá- og tómslundanefnd Rangárþings ytra er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast að jafnaði við kosningar til sveitarstjórnar nema sveitarstjórnin ákveði annað. Að jafnaði kýs sveitarstjórn formann nefndarinnar og á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara. Þessar kosningar getur sveitarstjórnin ákveðið að verði endurteknar síðar á kjörtímabili.

3. gr.

Hlutverk ípróttá- og tómslundanefndar er að fara með málefni ípróttá- og tómslundamála í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi til sveitarstjórnar um þau mál. Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru m.a.:

1. Umsjón og eftirlit með rekstri ípróttá- og tómslundastarfsemi innan Rangárþings ytra.
2. Gera tillögur til sveitarstjórnar um starfsreglur fyrir þær stofnanir sem falla undir starfssvið nefndarinnar.
3. Gera tillögur um styrkveitingar til einstakra verkefna, félaga, deilda eða einstaklinga á grundvelli sérstaks umboðs sem sveitarstjórn veitir hverju sinni.
4. Veita umsögn um tillögur til sveitarstjórnar um ráðningu forstöðumanna stofnana innan starfssviðs síns.
5. Veita umsögn um tillögur að gjaldskrá til sveitarstjórnar.
6. Hafa forgöngu um könnun á húsnæðisþörf til ípróttá- og tómslundastarfsemi og stuðla að aukinni fjölbreytni í þessum málum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
7. Fylgjast með og gera tillögur um endurbætur á leiksvæðum og leiktækjum sveitarfélagsins.
8. Gera tillögur til sveitarstjórnar um staðsetningu og gerð ípróttá- og sparkvalla.
9. Vera tengiliður hinna ýmsu félagasamtaka er vinna að ípróttá- og tómslundamálum og leitast við að samræma störf þeirra á þann veg að óeðlileg samkeppni skapist ekki.
10. Efla ípróttá- og tómslundastarf í Rangárþingi ytra og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði.
11. Fara að öðru leyti með verkefni á sviði ípróttá- og tómslundamála sem nefndinni er falið af sveitarstjórn eða samkvæmt lögum.

4. gr.

Íþróttá- og tómslundanefnd setur fram, ef ástæða er til, ábendingar um ný rekstrar- og framkvæmdaverkefni á sínu sviði fyrir gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Nefndin skal fá til umsagnar við gerð fjárhagsáætlunar tillögur frá forstöðumönnum stofnana um allar stærri framkvæmdir sem tengjast hennar verkefni og fjalla um rekstraráætlanir þeirra við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

5. gr.

Ákvarðanir íþróttá- og tómslundanefndar Rangárbings ytra taka formlega gildi við samhljóða staðfestingu hreppsráðs en að öðrum kosti með staðfestingu hreppsnefndar. Nefndin skal vinna á grundvelli þeirra almennu markmiða sem sveitarstjórn setur hverju sinni.

II. Kafli **Starfsmenn, fundir og starfshættir**

6. gr.

Umsjónarmaður/menn íþróttamannvirkja hafa samstarf og samráð við íþróttá- og tómslundanefnd og bera ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd eftir því sem við á í samráði við sveitarstjóra. Íþróttá- og tómslundanefnd getur boðið umsjónarmönnum íþróttamannvirkja að sitja fundi nefndarinnar og að þeir hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Nefndin getur á sama hátt boðið forstöðumönnum í annarri tómslundastarfsemi Rangárbings ytra að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Formaður nefndarinnar boðar fundi hennar og nýtur við það aðstoðar skrifstofu sveitarfélagsins. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni æskir þess.

8. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar íþróttá- og tómslundanefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

9. gr.

Íþróttá- og tómslundanefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður tekur ekki þátt í afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum 19.gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um persónulega hagi einstaklinga eða önnur mál sem skylt er að viðhafa trúnað um og rædd kunna að vera á fundum.

Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

10. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir íþrótta- og tómsbundanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum íþrótta- og tómsbundanefndar, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað á skrifstofu Rangárbings ytra. Skrifstofa Rangárbings ytra í samráði við formann nefndarinnar sér um að afrit af fundargerðum íþrótta- og tómsbundanefndar séu send nefndarmönnum, varamönnum, sveitarstjórn og þeim sem hafa seturétt á fundum nefndarinnar.

III. Kafi Markmið og verkaskipting

11. gr.

Íþrótta- og tómsbundanefnd skal vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar íþrótta- og tómsbundastarfsemi meðal íbúa í Rangárbingi ytra.

Markmiðum sínum leitast nefndin m.a. við að ná með því að:

1. Móta stefnu sveitarfélagsins í íþrótta- og tómsbundamálum.
2. Vera sveitarstjórn til ráðuneytis um íþrótta- og tómsbundamál.
3. Vera sveitarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja í þágu íþrótta- og tómsbundamála.
4. Hafa sem nánast samband við skóla, félög og félagasamtök er hafa íþrótta- og tómsbundamál á stefnuskrá sinni og vera ráðgefandi aðili í þeim málum.
5. Leitast við að ná til þess æskufólks sem sökum áhugaleysis eða af öðrum orsökum gefur sig ekki að heilbrigðum viðfangsefnum í tómsbundum sínum.
6. Taka þátt í forvarnarstarfi sveitarfélagsins.

12. gr.

Umsjónarmaður/menn íþróttamannvirkja hafa umsjón með rekstri þeim er íþrótta- og tómsbundanefnd hefur umsjón og eftirlit með eins og við á í samræmi við verksvið þeirra og verkaskiptingu skv. gildandi starfslýsingum og skipuriti Rangárbings ytra hverju sinni. Í samræmi við fjárhagsáætlanir og stöðuheimildir annast umsjónarmenn ráðningar starfsfólks á grundvelli gildandi reglna þar um. Skulu ráðningar kynntar í íþrótta- og tómsbundanefnd.

13. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárbings ytra. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings ytra og tekur gildi 11. febrúar 2015.